

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 15. apríl 2009 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ í Bjarmanesi.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Kjörskrá vegna Alþingiskosninga 25. apríl 2009.

Fyrir fundinum lá bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins vegna alþingiskosninga sem fram eiga að fara laugardaginn 25. apríl 2009 ásamt kjörskrárstofni vegna kosninganna. Kjörskrárstofninn byggir á íbúaskrá þjóðskrár 28. mars 2009. Miðast kjörskrárstofninn við þá sem fæddir eru 25. apríl 1991 og fyrr.

Sveitarstjórn yfirfór kjörskrárstofninn og samþykkti hann sem kjörskrá í sveitarfélaginu með fyrirvara um þær breytingar sem kunni að koma í ljós við kynningu. Sveitarstjóra falið að ganga frá skránni og leggja hana fram eigi síðar en 17. apríl 2009 samkvæmt 1. mgr. 26. gr. kosningalaga.

2. Verkefni og framkvæmdir 2009.

Fyrir fundinum lá minnisblað um helstu verkefni og framkvæmdir sem lagt er til að ráðist verði í á árinu. Sveitarstjórn ræddi efni minnisblaðsins en það var síðan samþykkt sem áætlun fyrir framkvæmdir.

3. Umsókn til Menningarráðs Nl. vestra.

Umsókn til Menningarráðs Norðurlands vestra um styrk til söfnunar og sýningar á myndum tengdum síldarárunum á Skagaströnd lá fyrir fundinum. Umsóknin var unnin af markaðs- og atvinnuráðgjafa. Menningarráð samþykkti að styðja við verkefnið með 250 þús. kr. framlagi. Sveitarstjórn ræddi verkefnið og samþykkti að ráðist yrði í það og heimild til 200 þús í aðkeypta þjónustu vegna verksins auk vinnuframlags starfsmanna.

4. Skýrsla atvinnuráðgjafa um hótél.

Skýrsla atvinnuráðgjafa um hótél er fyrst og fremst viðskiptaáætlun sem gerð hefur verið um hagkvæmni þess að byggja og reka hótél á Skagaströnd og markaðslegar forsendur fyrir slíkum rekstri. Skýrslan var til kynningar og umfjöllunar í sveitarstjórn. Samþykkt að leita upplýsinga um fleiri lausnir og jafnframt að kanna möguleika á fjármögnun og samstarfsaðilum.

5. Bréf:

a. Björgunarsveitarinnar Strandar, dags. 26. apríl 2009.

Með bréfinu óskar björgunarsveitin eftir styrk til kaupa á öryggisbúnaði fyrir sveitina og björgunarsveitarmenn. Sveitarstjórn samþykkti að óska eftir nánari skilgreiningu á verkefninu.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

b. Þórs Magnússonar, fyrrv. þjóðminjavarðar, dags. 24. mars 2009.

Í bréfinu fjallar Þór um stöðu Byggðasafnsins á Reykjum og hvetur til að eigendur safnsins, sveitarfélögin í Húnavatnssýslum og Strandasýslu búi betur að safninu með því að byggja yfir það á nýjum stað og skilgreina hlutverk þess og tilgang betur. Umræður urðu um bréfið en efni þess var síðan vísað til stjórnar Byggðasamlags um menningar og atvinnumál sem fer með málaflokk safnamála fyrir hönd sveitarfélaga í A-Hún.

6. Fundargerðir:

- a. Fræðslunefndar, 5.03.2009.
Fundargerðin var samþykkt.
- b. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún. 24.03.2009.
Fundargerðin var til kynningar.
- c. Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 6.03.2009.
Fundargerðin var til kynningar.
- d. Stjórnar SSNV, 17.03.2009.
Fundargerðin var til kynningar.
- e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 27.02.2009
Fundargerðin var til kynningar.
- f. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 26.03.2009
Fundargerðin var til kynningar.
- g. Menningarráðs Norðurlands vestra 2.03.2009
Fundargerðin var til kynningar.
- h. Menningarráðs Norðurlands vestra 23.03.2009
Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál

Umræða varð um ýmis mál undir þessum dagskrárlið en ekki gerðar ályktanir eða bókanir.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11⁰⁰

Adolf H. Berndsen

Birna Sveinsdóttir,

Halldór G. Ólafsson

Sigríður Gestsdóttir

Erla Jónsdóttir

Magnús B. Jónsson.